FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

# Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Vestmannaeyjum, Miðgerði (Stóra-Gerði)



Bjarni F. Einarsson

2023

Forsíðumyndin sýnir leirtau sem fannst neðan við miðju í öskuhaugnum. Leirtauið er frá 17. öld og hugsanlega enskt. (Fnr. 14. Ljósm. BFE 2023).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Vestmannaeyjabæ
Júní 2023

***Inngangur***

Að beiðni Vestmannaeyjabæjar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á deiliskipulagsreit við Miðgerði (Stóra-Gerði) í Vestmannaeyjum. Svæðið er sýnt á mynd 1.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem túnakort og örnefnaskrá.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann í maí síðastliðinn á meðan á fornleifarannsókn stóð yfir. Veður var yfirleitt gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki, bæði punktur og umfang. Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu Vestmannaeyjabæ.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar (mynd x) með staðsetningu fornleifa.

Áður hafa verið gerðar nokkrar skráningarskýrslur í Vestmannaeyjum, en engin þeirra kemur við sögu hér. (Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.

Fulltrúi verkkaupa var Dagný Hauksdóttir hjá Vestmannaeyjabæ.




Mynd 1. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið og staðsetningu skráðra minja/fornleifa. Sjá nánar mynd 2 (Loftmynd: Vestmannaeyjabær. Viðbæturf: Vestmannaeyjabær og Fornleifafræðistofan).

## *Skráningin*

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningar-minjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins. Næstu friðlýstu fornleifar eru kirkjurúst og garður á Snæfoksstöðum sem friðlýstar voru árið 1966 (Fornleifasrká 1990:76). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

| Nr. | Teg. | Fj. | Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Minjagildi | Varðveislugildi | Friðlýst? | Mótv. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **10** | Brunnur | 1 | Skipulag | Mikil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Rannsókn |
| **11** | Hús | 1 | Skipulag | Mikil | Lélegt | >1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| **12** | Fjós og hlaða | 1 | Skipulag | Mikil | Ágætt | >1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| **13** | Hús | 1 | Skipulag | Mikil | Lélegt | >1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| **14** | Bæjarstæði | 1 | Skipulag | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvesrt (6) | Nei | Rannsókn |
| **15** | Öskuhaugur | 1 | Skipulag | Mikil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvesrt (6) | Nei | Rannsókn |
| | | 6 | | | | Meðaltal: | 4 | 4 | | |

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar/minjar á deiliskipulagsreitnum. Hér er lagt mát á hættumat vegna fyrirhugaðs skipulags. Um viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinu fyrirhugaða deiliskipulagi má sjá í sjálfri fornleifaskránni.




Mynd 2. Staðsetning minja/fornleifa við Stóra Gerði. Blátt sýnir minjar sem ekki er talin þörf á frekari mótvægisaðgerðum og raut eru fornleifar sem þarf mótvægisaðgerða við ef ekki er hægt að tryggja öryggi þeirra. (Norður vísar upp. Loftmynd: Vestmannaeyjabær. Viðbæturf: Vestmannaeyjabær og Fornleifafræðistofan).

Sex minjar/fornleifar voru skráðar í tengslum við vettvangskönnunina nú og töldust þær hafa lágt eða talsvert minja- og varðveislugildi þrátt fyrir seinni tíma rask, en minjarnar voru flestar leyfar Stóra Gerðis-bæjarins fyrir utan einar sem voru hús Gunnars Stefánssonar skammt hjá, kallað Nonnahús. Engar fornleifar töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi.

Ekki fundust örnefnaskrár né túnakort yfir Stóra Gerði, en á gamla loftmynd hefur verið merkt inn á hús við Gerðisbæina sbr. Mynd 3.




Mynd 3. ***1*** = Stóra Gerði (nr. 11). ***2*** = Gamli bærinn (nr. 14). ***3*** = fjós og hlaða (nr. 12). ***4*** = Skemma Stóra Gerðis (horfin). ***5*** = Norðurgerði (horfin). ***6*** = fjós og hlaða (horfin). ***7*** = Fjós (horfið). ***8*** = jarðhús (horfið). ***9*** = Hús Gunnars Stefánssonar (nr. 13). ***10*** = Litla Gerði (horfið). Ath. að norður vísar niður á myndinni eða hér um bil.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægis-aðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Sjá tillögur að mótvægisaðgerðum í töflu 1. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

***Niðurstaða***

Sex minjar/fornleifar fundust við vettvangskönnunina og forrannsókn í apríl síðastliðnum. Teljast þær hafa lítið til talsvert minja- og varðveislugildi og allar taldar í hættu vegna deiliskipulagsins og hugsanlegra framkvæmda í kjölfar þess.

Mótvægisaðgerða er talin þörf á þremur fornleifum ef ekki er hægt að sneiða hjá þeim og tryggja öryggi þeirra sbr. töflu 1. Eru þetta brunnurinn, gamla bæjarstæðið og öskuhaugurinn. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegum mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

***Heimildir***

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Íslenskt fornbréfasafn.* Hið íslenska bókmentafélag. Áttunda bindi 1261–1521. Reykjavík 1906–1913.

*Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012.

minjastofnun.is *Minjavefsjá.*

***Fylgirit:***

*Fornleifaskrá:* Vestmannaeyjar Nr.10:1. - 15:1.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Vestmannaeyjar | 8000 | Gerðistorfan | **10** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Stóra Gerði | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 24.4.2023 | A 436866,1 N 326236,4 | Ísn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Brunnur | | Vest 23 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framkvæmdir | Mikil | Ágætt | -1550 | | Skipulag | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Efst á hól.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Brunnur.**
1,2 m í þvermál og 0,5 m djúpur.
Grjóthleðslur innanvert.
Skv. munnlegum heimildum heimamanna var brunnurinn inni í síðasta húsinu (nr. 14) sem þarna stóð til ársins 1970.

*Teikning/Ljósmynd*



*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
| Filma nr./teg. myndar | Canon M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Vestmannaeyjar | 8000 | Gerðistorfan | **11** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Stóra Gerði | | Stóra Gerði | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 24.4.2023 | A 436870,8 N 326236,3 | Ísn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Hús | | Vest 23 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framkvæmdir | Mikil | Lélegt | 1900- | | Skipulag | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Efst á hól.

*Heimildir og munnmæli*

Munnlegar upplýsingar hjá ýmsum heimamönnum.
Forrannsókn fór fram í apríl 2023.

*Lýsing*

**Hús.**

Um 9 x 10 m stórt. Grunnur úr grjóti og steypu sem sést við SV horn hússins.

Skv. munnlegum heimildum heimamanna var brunnurinn (nr. 10) inni í síðasta húsinu sem þarna stóð til ársins 1970.

Samkvæmt ljósmyndum var húsið stærra en hér greinir og náði lengra í austur.

Þetta var síðasta íbúðarhús Stóra Gerðis.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon M6 |

*Athugasemdir*

Húsið er á mörkum þess að teljast fornleifar.

# Fornleifaskrá



| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Vestmannaeyjar | 8000 | Gerðistorfan | 12 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Stóra Gerði | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 24.4.2023 | A 436878,5 N 326209,9 | Ísn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Fjós og hlaða | | Vest 23 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framkvæmdir | Mikil | Ágætt | 1900- | | Skipulag | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Sunnan við hól.

*Heimildir og munnmæli*

Munnlegar upplýsingar hjá ýmsum heimamönnum.
Forrannsókn fór fram í apríl 2023.

*Lýsing*

**Fjós og hlaða.**
Um 10 x 15 m stórt. Fjögur hólf eru í rústinni.
Að vestan er stétt sem bendir til að inngangur hafi verið þar inn í húsið.
Allur grunnur hússins (húsanna) er steyptur.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



*Ljósmyndari* Bjarni F. Einarsson

*Filma nr./teg. myndar* Canon M6

*Athugasemdir*

Húsið er á mörkum þess að teljast fornleifar.

# Fornleifaskrá



| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Vestmannaeyjar | 8000 | Gerðistorfan | 13 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Stóra Gerði | | Nonnahús | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 24.4.2023 | A 436925,1 N 326219,5 | Ísn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Hús | | Vest 23 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framkvæmdir | Mikil | Lélegt | 1900- | | Skipulag | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í gömlu túni.

*Heimildir og munnmæli*

Munnlegar upplýsingar hjá ýmsum heimamönnum og Byggðasafni Vestmannaeyja. Forrannsókn fór fram í apríl 2023.

*Lýsing*

**Hús.**
6 x 9 m stórt. Grunnurinn úr steypu með grjóti.

Húsið byggði Gunnar Stefánsson einhverntíma eftir 1950.

*Teikning/Ljósmynd*



*Ljósmynd*



*Ljósmyndari*: Bjarni F. Einarsson

*Filma nr./teg. myndar*: Canon M6

*Athugasemdir*

Húsið eru ekki fornleifar.

# Fornleifaskrá



| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Vestmannaeyjar | 8000 | | 14 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Stóra Gerði | | Stóra Gerði (Gerði) | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 24.4.2023 | A 436883,0 N 326231,5 | Ísn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Bæjarstæði | | Vest 23 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framkvæmdir | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | | Skipulag | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Efst á hól.

*Heimildir og munnmæli*

Íslenskt fornbréfasafn. Hið íslenska bókmentafélag. Áttunda bindi 1261–1521. Reykjavík 1906–1913.

Forrannsókn fór fram í apríl 2023.

*Lýsing*

**Bæjarstæði.**
Á um 9 x 14 m stóru svæði. Sást ekki fyrir rannsókn. Veggir úr grjóti (og torfi) um 1 m breiðir þar sem í þá sást og var ekki hrun úr veggjum. Hugsanlega sáust tvær kynslóðir húsa.

Í Fornbréfasafni er Stóra Gerði (kallað Gerði) getið við árið 1507 og sagt að bæði þá (1507) og á fyrri tíð á dögum Torfa Andréssonar (um 1450), er hann hafði eyjarnar. Var landskuldin XL fiskar. (Ísl. fornbréfasafn 1906-1913:179–180).

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að varðveita minjarnar þarf leyfi Minjastofnunar Íslands til að raska þeim með þeim mótvægisaðgerðum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá



| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Vestmannaeyjar | 8000 | | 15 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Stóra Gerði | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 24.4.2023 | A 436897,6 N 326217,8 | Ísn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Öskuhaugur | | Vest 23 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framkvæmdir | Mikil | Ágætt | 1550-1900 | | Skipulag | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Suðaustan í hól.

*Heimildir og munnmæli*

Forrannsókn fór fram í apríl 2023.

*Lýsing*

**Öskuhaugur.**
Á um 17 x 20 m stóru svæði. Þykkt öskuhaugarins var 1,4 m þar sem hún var þykkust í sniði. Í laginu sáust fiskibein, fuglabein og skepnubein. Nær engin viðarkol.
Neðarlega í honum fannst leirtau frá 16. öld.

Öskuhaugurinn var ekki greinanlegur fyrir forrannssókn. Fyrir neðan miðju öskuhaugsins fannst leirtau frá 17. öld.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*

| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að varðveita minjarnar þarf leyfi Minjastofnunar Íslands til að raska þeim með þeim mótvægisaðgerðum sem stofnunin kann að setja.